

Ársskýrsla

2020



Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	3
Fréttir	5
<i>Jákvæðar breytingar á högum Náttúruminjasafnsins</i>	5
<i>Náttúruhús rísi í Nesi</i>	5
<i>Loftskeytastöðin kvödd</i>	6
<i>Stórmerkilegt steinasafn til Náttúruminjasafnsins</i>	6
Miðlun og fræðsla á tímum Covid-19	7
<i>Rostungur – ný sérsýning í Perlunni</i>	8
<i>Tilnefning til íslensku safnaverðlaunanna</i>	9
<i>Fjölsóttir viðburðir á sýningum safnsins</i>	10
<i>Greindir steinar</i>	10
<i>Votlendisdagurinn</i>	10
<i>Safnanótt á Vetrarhátíð</i>	11
<i>Hvernig verða jarðskjálftar til?</i>	11
<i>Stund milli stríða í júlí</i>	11
Safnkennsla	12
<i>Heimsóknir</i>	13
<i>Ný verkefni</i>	13
Útgáfa	14
<i>Náttúrufræðingurinn í níutíu ár</i>	15
<i>natturufraedingurinn.is</i>	16
<i>Aukin virkni á samfélagsmiðlum</i>	16
<i>Eldfjall mánaðarins á nmsi.is</i>	16
<i>Styrkur til útgáfu ævisögu Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings</i>	17
<i>Umsögn um hálendisþjóðgarð</i>	17
Rannsóknir	18
<i>Líffræðileg fjölbreytni – uppruni og eðli</i>	19
<i>Vistfræði og þróun – fjölbreytni íslenskra ferskvatnsfiska</i>	19
<i>Eðli og verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni</i>	20
<i>Líffræðileg fjölbreytni náttúru á Íslandi – fræðsluefni og stafræn gagnagátt</i>	20
<i>Náttúrusýn, náttúrusaga</i>	21
<i>Hvað er náttúra?</i>	22
<i>Náttúrur og fornar frásagnir</i>	22
<i>Svartárkot, menning – náttúra</i>	23
<i>Lífriki íslenskra vatna: Samræmdur gagnagrunnur</i>	23
<i>Rannsóknir á skötuormum</i>	24
<i>Elsti trébátur á Íslandi</i>	25
<i>Pátttaka í Sarpi</i>	25
Mannauður	26
<i>Sumarstarfsmenn</i>	29
<i>Flokkun og skráning steinasafns á Breiðdalsvík</i>	29
<i>Stafræn vísindamiðlun til almennings</i>	29
<i>Líffræðileg fjölbreytni á Íslandi</i>	30
<i>Krumminn á skjánum</i>	30
<i>Ritlisti</i>	31
<i>Erindi</i>	32
Fjármál	33

Skin og skúrir



Árið 2020 var viðburðaríkt í starfsemi Náttúruminjasafns Íslands og stendur þrennt upp úr. Í fyrsta lagi bráðaflutningur á skrifstofunni úr gömlu Loftskýrastöðinni á Melunum í febrúar-mars vegna myglusveppa og rakaskemmda. Í öðru lagi áhrif af völdum heimsfaraldurs kórónuveirunnar SARS-CoV-2, sem lét fyrst á sér kræla hér á landi í febrúar. Í þriðja lagi niðurstaða starfshóps í ágúst, sem Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra skipaði árið áður, þess efnis að húsnaði svokallaðs Lækningaminjasafns við Safna-tröð 5 á Seltjarnarnesi henti vel sem framtíðaraðsetur Náttúruminjasafnsins.

Flutningur skrifstofustarfsemi safnsins úr Loftskýrastöðinni kom til vegna ófremdarástands í bæði magni og tegundasamsetningu myglusveppa sem rakið var til rakaskemmda í jafnt tréburðarvirki og steinsteyptum veggjum. Ólykt hafði löngum plagað menn í Loftskýrastöðinni en ekki angrað starfsfólk Náttúruminjasafnsins sem neinu nemur fyrr en undir það síðasta, eftir að starfsfólki tók að fjölga upp úr 2017–18. Kvartað var yfir ástandinu við leigusalan, Háskóla Íslands, snemma árs 2017 og í kjölfar sýnatöku og niðurstöðu myglugreininga um haustið sama ár var gripið til ráðstafana, m.a. komið fyrir opnanlegum fögum og rafknúnum víftum. Þetta dugði ekki til eins og staðfest var með mælingum sem Náttúruminjasafnið fór fram á að yrðu gerðar sumarið 2018 og haustið 2019. Í febrúar 2020 sammæltust leigutaki og leigusali um að ástand hússins hæfði ekki skrifstofustarfsemi og skyldi það rýmt hið snarasta. Nýtt og gott skrifstofuhúsnaði að Suðurlandbraut 24, alls 310 m² á 3. hæð, var tekið í notkun 1. apríl og auk þess leigð 120 m² geymsla í Sundaborg 3 í Reykjavík.

Starfsfólk Náttúruminjasafnsins var ekki fyrr laust við eina örveruna úr starfsumhverfi sínu en önnur tók við, öllu smærri og skæðari, kórónuveiran SARS-CoV-2, sem barst hingað til lands í febrúar. Hún setti samfélagið fljótlega á annan endann, líkt og víðast hvar annars staðar, með tilheyrandi smitum og veikindum, jafnvel dauðsföllum, einangrun og sóttkví, ferða- og samkomutakmörkunum, sem og grímuskyldu og sóttvarnaaðgerðum. Faraldurinn hafði margvísleg áhrif á starfsemi Náttúruminjasafnsins. Mest voru þau á sýningahaldið í Perlunni. Þar hrundi heimsókn gesta úr metaðsókn árið 2019, þegar nær 200.000 gestir sóttu sýninguna, í um 50.000 gesti árið 2020. Landið var lengst af nær lokað fyrir ferðamönnum, heimsóknir skólahópa lögðust að mestu af og sýningunni lokað um tíma. Vegna stófelldrar fækkunar ferðamanna varð samstarfsaðili Náttúruminjasafnsins í Perlunni, Perla norðursins ehf., fyrir verulegu tekjufalli sem bitnaði á umsömdum greiðslum félagsins til Náttúruminjasafnsins.

Önnur áhrif heimsfaraldursins á starfsemi Náttúruminjasafnsins fólust m.a. í gjörbreyttum starfsháttum flestra starfsmanna. Heimavinna og rafrænir fjarfundir í Teams og Zoom urðu normið í nokkra mánuði. Starfsfólk hittist ekki í eigin persónu svo vikum skipti, en hlustaði og horfði þess í stað þeim mun meira á hvert annað á misstórum skjáflati. Meira reyndi á sjálfstæði og frumkvæði starfsfólks vegna áhrifa kórónuveirunnar en undir venjulegum kringumstæðum.

Við umfjöllun um kórónaveiruna má bæta að enda þótt fljúgandi spendýr, þ.e. leðurblökur, sem eru vel þekktir frumhýslar og uppspretta veirusjúkdóma í mönnum, þ.m.t. Covid-19, séu ekki landlæg á Íslandi þá þekkjast þær hér sem fágætir flækingar. Þar á meðal er tegundin *Eptesicus fuscus*, stórablaka, sem á ensku nefnist Big brown bat, og er kunnur hýsill kórónuveirutegundar í N-Ameríku. Tvær aðrar tegundir leðurblaka sem hingað rata öðru hvoru tilheyra ættkvíslum þar sem er að finna þekktu smitbera á veirusjúkdómum sem hrjá mannfólk. Flestar flækjast leðurblökur hingað til lands í skipsgámum en nokkrar komast af sjálfsdáðum. Þetta minnir okkur á að fara gætilega með aðföng og innflutning því aðskotadýr og örverur af ýmsu tagi geta leynst í sendingum og geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir menn og lífríki.



Stórablaka (*Eptesicus fuscus*) er tiltölulega stór, vænghafið er allt að 35 sm og hún vegur 15–25 g. Þessi mynd var tekin í Washingtonríki í Bandaríkjunum 2013. Ljósmynd: ©Michael Durham/Minden/naturepl.com

Stærstu tíðindin í starfsemi Náttúruminjasafnsins árið 2020 og án efa þau mikilvægustu og ánægjulegustu í langri sögu safnsins og forvera þess var niðurstaða starfshóps sem Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra skipaði árið áður og hafði það verkefni að meta fýsileika þess að staðsetja framtidarhöfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins í byggingu svokallaðs Lækningaminjasafns við Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi. Er skemmst frá því að segja að niðurstaðan var mjög jákvæð. Vart verður betur á kosið um staðsetningu náttúrufræðisafns yst á Seltjarnarnesi með hliðsjón af nálægð við náttúruna, friðlýst svæði, ströndina og hafið, að ógleymdu menningarsögulegu gildi svæðisins, þ.m.t. sambýli við Nesstofu, aðsetur fyrsta landlæknis þjóðarinnar, Bjarna Pálssonar. Þá er talið hagkvæmt að nýta núverandi byggingu sem er 1363 m² og hálfbyggð og laga hana að þörfum Náttúruminjasafnsins og stækka þegar fram í sækir til að mæta þörfum fullbúinnar starfsemi höfuðsafnsins. Mjög áhugaverðar hugmyndir um stækkun liggja nú þegar fyrir sem arkitektar hússins, Yrki arkitektar, hafa teiknað.

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í byrjun árs 2021 og að ljúka megi verkinu á um 26 mánuðum og opna nýjar höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins, Náttúruhús í Nesi, vorið 2023. Ríkissjóður hefur gengið frá samningi við Seltjarnarnesbæ um yfirtöku á húsnæðinu og er verkefnið hluti af fjárfestingarátaki til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar Covid-19. Áætlaður stofnkostnaður við framkvæmdina í heild er um 1,4 milljarðar kr., þar af kr. 850 milljónir vegna verklegra framkvæmda við bygginguna og kr. 550 milljónir vegna hönnunar, framleiðslu og uppsetningu sýningar. Í samræmi við fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19 var mennta- og menningarmálaráðuneytinu tryggt 650 m.kr. fjárveiting á fjárlögum 2021 og jafnframt kveðið á um áframhaldandi fjármögnun í fjármálaáætlun 2021–2025 til að standa undir kostnaði við framkvæmdina.

Eftir rúmlega 130 ára baráttu og málarekstur, sem rekja má allt til stofnunar Hins íslenska náttúrufræðifélags 1887–89, er að öllum líkindum loksins óhætt að fullyrða að höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem telst til grunnstoða menntakerfisins, hafi eignast eigin aðstöðu sem sáemir starfseminni og undurfagurri og gjöfulli náttúru Íslands. Hér því um afar merkan og ánægjulegan viðburð að ræða.

Þörf fyrir viðeigandi aðstöðu fyrir Náttúruminjasafnið hefur aldrei verið jafn brýn og nú, þegar athafnir manna hafa sett mark sitt á náttúruna í eins miklum mæli og raun ber vitni. Þar ber hæst áhrif af völdum loftslagsbreytinga, mengun ýmiss konar og rýrnun búsvæða með tilheyrandi röskun og eyðileggingu vistkerfa, fækkun lífvera og útrýmingu tegunda. Eitt af meginhlutverkum Náttúruminjasafnsins sem fræðslu- og vísindastofnunar er að upplýsa landsmenn og aðra gesti landsins um mikilvægi náttúrunnar, gang hennar og eðli, og nauðsyn þess að maðurinn, órofa hluti hennar, standi ekki í stríði við móður jörð heldur hugi að lífrænum tengslum við hana og semji frið, komandi kynslóðum til hamingju og hagsældar.

Jákvæðar breytingar á högum Náttúruminjasafnsins



Húsin í Nesi: Lækningaminjasafnið, Lyfjafræðisafnið og Nesstofa, útsýn yfir Bakkatjörn og til Gróttuvita. Ljósmynd: Vigfús Birgisson.

Náttúruhús rísi í Nesi

Í september 2020 skilaði starfshópur, sem Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra skipaði, skýrslu sinni og komst að þeirri niðurstöðu að í Nesi á Seltjarnarnesi sé kjörinn framtíðarstaður fyrir Náttúruminjasafn Íslands m.t.t. nálægðar við hafið, fjölbreyttrar náttúru svæðisins og menningarsögulegs gildis þess. Var hálfbyggt hús svokallaðs Lækningaminjasafns þar talið henta starfsemi Náttúruminjasafnsins og mælti starfshópurinn með því að ríkið eignaðist húsnæðið og að það yrði fullbyggt í samræmi við þarfir Náttúruminjasafnsins.

Áætlað er að gera megi húsnæðið tilbúið undir starfsemi safnsins og fullgera þar sýningu á um tveimur árum. Kjarni nýs Náttúruhúss yrði núverandi bygging Lækningaminjasafnsins, sem er um 1360 m² að gólfleti, jarðhæð og kjallari, hálfbyggð og því fremur auðvelt að laga hana að þörfum safnsins til næstu ára. Til að svara þörfum safnsins til lengri tíma eru áhugaverðir möguleikar fyrir hendi til að stækka húsið. Þá eru fyrir hendi möguleikar á nýtingu á Nesstofu í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og samnýtingu á fræðasetrinu í Gróttu sem er í eigu Seltjarnarnesbæjar.

Áætlaður kostnaður við að ljúka byggingu hússins miðað við núverandi teikningar er 650 m.kr. með -10% til +15% vikið. Viðbótarkostnaður vegna hugsanlegrar aukningar á sýningarými á aðal hæð og í kjallara er áætlaður um 100 m.kr. Áætlaður kostnaður við fullgerða sýningu Náttúruminjasafnsins í allt að 500 m² sýningarými er um 400 m.kr. (0,8 m.kr./m²).

Verði þessi áform að veruleika sér fyrir endann á áratugalangri baráttu fyrir boðlegu húsnæði fyrir Náttúruminjasafn Íslands, eitt þriggja höfuðsafna landsins. „Þetta er vafalítið einn merkasti áfanginn í langri og strangri baráttu fyrir viðunandi aðbúnaði fyrir þetta höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum,“ sagði Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafnsins. „Ég vænti þess að þetta brýna verkefni, sem snýr að fræðslu í náttúruvísindum, rannsóknum og verndun á náttúruarfi landsins, muni njóta almenns stuðnings og brautargengis á alþingi. Ríkisstjórnin og sér í lagi mennta- og menningarmálaráðherra á hrós skilið fyrir að höggva á liðlega 130 ára gamlan hnút í húsnæðismálum og rekstri safnsins. Það er nú eða aldrei.“

Loftskeytastöðin kvödd

Í aprílbyrjun flutti Náttúruminjasafnið skrifstofur sínar að Suðurlandsbraut 24, í rúmgott 310 m² rými á 3. hæð. Þar með kvöddum við Loftskeytastöðina og Melana, en skrifstofur safnsins hafa verið þar frá árinu 2010. Háskóli Íslands á Loftskeytastöðina og hyggst gera á húsinu nauðsynlegar endurbætur, m.a. vegna raka og myglu. Í apríl tók safnið einnig í notkun gott 150 m² geymslurými í Sundahöfn þar sem safnkostur og skjalasafn er varðveitt.



Náttúruminjasafnið hafði skrifstofur sínar í Loftskeytastöðinni vestur á Melum frá árinu 2010 en flutti þær að Suðurlandsbraut 24 vorið 2020.

Stórmerkilegt steinasafn til Náttúruminjasafnsins

Á árinu 2020 undirbjó Náttúruminjasafn Íslands móttöku á einu stærsta og merkasta safni af holufyllingum og bergi í landinu – steinasafni bræðranna Björns Björgvinssonar og Baldurs Björgvinssona frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal. Safnkosturinn, 10 til 15 þúsund eintök, er að grunni til þrjú steinasöfn sem þeir eignuðust og forðuðu frá glötun eða að seld yrðu úr landi. Stærstur hluti steinanna er úr Breiðdal og nærliggjandi sveitum. Meginmarkmið Náttúruminjasafnsins með móttöku steinasafnsins er að tryggja heildstæða og faglega varðveislu á þessum merka hluta af náttúruarfi Íslands og nýta safnkostinn í fræðslu- og upplýsingaskyni fyrir almenning og fræðasamfélagið.



Austfirsku fjöllin eru hrikaleg en það hefur ekki aftrað steinasöfnunum sem löngum hafa klifið fjöllin „hátt yfir hamrakór“ í leit að litfögnum og sérstökum náttúrusteinum til að færa nær okkur hinum til fróðleiks og yndis. Slöttur og Röndólfur í Breiðdal. Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson.



Myndarlegt eintak af jaspis, einni algengustu steind úr kvasi á Íslandi sem fyllir holur og sprungur í bergi. Úr safnkosti Björns og Baldurs Björgvinssona.

Verkefnið hefur verið í undirbúningi í nokkur ár en skriður komst á það sumarið 2020 þegar tveir jarðfræðingar á vegum Náttúruminjasafnsins unnu við fullnaðarskráningu og myndatöku á safnkostinum í Höskuldsstaðaseli. Starf þeirra var að hluta til styrkt af átaki Vinnumálastofnunar í fjölgun sumarstarfa námsmanna vegna Covid-19 veirufaraldursins. Verkið gekk mjög vel og er ráðgert að ljúka skráningu og frágangi sýna sumarið 2021.

Safnkosturinn verður varðveittur og hýstur til frambúðar í Breiðdal og er stefnt að því að setja upp sýningu á Breiðdalsvík sumarið 2022. Vísindalegt gildi safnkostsins er afar mikið vegna óvenju ítarlegrar skráningar á fundarstað eintaka sem nýtist vel til rannsókna. Mörg sjaldgæf eintök hafa jafnframt mikið fágætisgildi og enn önnur eru undurfagrir skrautsteinar með mikið fagurfræðilegt gildi.

Miðlun og fræðsla á tímum Covid-19



Heimsfaraldur Covid-19 setti mark sitt á allt sýningarstarf í landinu á árinu 2020. Í Perluna komu 50.388 gestir, sem var um fjórðungur af þeim fjölda sem heimsótti náttúrusýningarnar þar á árinu 2019. Erlendir gestir voru aðeins um 5000 talsins. Sýningu Náttúruminjasafnsins í Perlunni, *Vatnið í Náttúru Íslands*, var lokað um miðjan mars en hún opnuð á ný þegar um hægðist í byrjun maí. Aftur var lokað í október og fram í desember vegna samkomutakmarkana. Sömu sögu er að segja af *Sjónarhorni*, samstarfsverkefni höfuðsafna landsins og eftirtalinna stofnana sem tengjast sögu Safnahússins við Hverfisgötu: Þjóðminjasafn Ísland, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn Íslands. Á Sjónarhorn komu 8.342 gestir á árinu 2020.

Rostungur – ný sérsýning í Perlunni



Svipmynd frá Rostungnum, sýningu safnsins í Perlunni.

Um það bil sem samkomubann skall á og söfnum og sýningum var skellt í lás vegna kórónaveirunnar opnaði Náttúruminjasafnið nýja sérsýningu *Rostunginn* þann 14. mars á sýningarsvæði sínu í Perlunni.

Sýningin byggir m.a. á nýlegri rannsókn sem Náttúruminjasafnið hafði frumkvæði að og vann með Háskóla Íslands, Fornleifafræðistofnunni, Ævari Petersen, Háskólanum í Kaupmannahöfn og Háskólanum í Groningen í Hollandi.

Niðurstöðurnar varpa nýju ljósi á tilvist rostunga til forna við Ísland. Með C-14 aldursgreiningu og erfðagreiningu á beinaleifum rostunga frá Íslandi hefur í fyrsta skipti verið staðfest að við land lifði sérstakur íslenskur rostungsstofn í nokkur þúsund ár, allt fram á landnámsöld, 800–1200 e.Kr., þegar hann leið undir lok. Á sýningunni eru þessum merkilegu niðurstöðum gerð skil og þær fléttaðar saman við umfjöllun um líffræði rostunga almennt og útbreiðslu í dag, sem og við nýttar af rostungum til forna. Þá er sérstaklega fjallað um hugsanlegan þátt rostungsveiða í landnámi Íslands.

Sýningin er unnin í samstarfi við m.a. Bjarna F. Einarsson fornleifafræðing, Bergsvein Birgisson bókmennta- og norrænufræðing og Snæbjörn Pálsson, prófessor og stofnerfðafræðing. Sýningarhönnun: Visionis / Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir og Ingibjörg Jara Sigurðardóttir. Grafísk hönnun: Ingi Kristján Sigurmarsson.

Tilnefning til íslensku safnaverðlaunanna

Vatnið í náttúru Íslands hlaut tilnefningu til Íslensku safnaverðlaunanna 2020. Fimm sýningar og/eða verkefni kepptu um verðlaunin að þessu sinni og bárust valnefnd 47 ábendingar um 34 verðug verkefni. Það eru Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) sem standa saman að Íslensku safnaverðlaununum sem veitt eru annað hvert ár fyrir framúrskarandi starfsemi.

Vatnið í náttúru Íslands
Tilnefnt til íslensku safnaverðlaunanna 2020



Auk Náttúruminjasafnsins hlutu tilnefningu sýningin Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi, á Egilsstöðum sem þrjú austfirsk söfn standa að; ný grunnsýning Sjóminjasafnsins, Fiskur og fólk – sjósókn í 150 ár; sýningar Listasafns Reykjavíkur, 2019 – ár listar í almannarými og loks Varðveisl- og rannsóknamiðstöð Þjóðminjasafnsins ásamt Handbók um varðveisl- og rannsóknamiðstöðvar safnsins að Tjarnarvöllum í Hafnarfirði og Vesturvör í Kópavogi og útgáfu vefritsins Handbók um varðveisl- og rannsóknamiðstöðvar safnsins.

Í umsögn um sýningu Náttúruminjasafnsins segir m.a.: „Mat valnefndar er að sýning Náttúruminjasafns Íslands, *Vatnið í náttúru Íslands*, höfði til fjölbreytts hóps gesta á ólíkum aldri þar sem mikilvægri þekkingu á sviði safnsins er miðlað til þeirra á forvitnilegan, faglegan og gagnvirkkan hátt. Það er mikilvægt að höfuðsöfn á sviði náttúruminja sé sýnilegt almenningi. Grunnsýningin er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.“



Starfsmenn Náttúruminjasafnsins og hönnuðir sýningarinnar tóku við tilnefningunni í Safnahúsinu við Hverfisgötu 18. maí 2020. Frá vinstri: Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður safnsins, Þórunn S. Þorgrímsdóttir, sýningarhönnuður og sýningarstjóri, Álfheiður Ingadóttir, ritstjóri, Anna Katrín Guðmundsdóttir, verkefnastjóri og Geir Borg, framkvæmdastjóri Gagaríns.

Fjölsóttir viðburðir á sýningum safnsins

Náttúru-minjasafn Íslands bauð uppá óvæntar uppákomur á sýningu safnsins *Vatnið í náttúru Íslands* í Perlunni á sunnudögum í janúar fram í mars, eða eins lengi og samkomutakmarkanir leyfðu. Í júlí gafst aftur tækifæri til að taka á móti gestum en það stóð aðeins í skamman tíma. Sýningin var aftur opnuð í desember.

Greindir steinar



Í byrjun janúar var börnum og fullorðnum kennt að greina steindir eftir lit þeirra, kristalbyggingu, striklit og hörku. Settar voru upp þrjár stöðvar þar sem fólk gat spreytt sig á steindum sem það ýmist kom með sjálft eða fékk á sýningunni. Þessi viðburður var vel sóttur og var leikurinn endurtekinn 21. júlí.

Votlendisdagurinn



Í tilefni af Votlendisdeginum 2. febrúar var fræðsludagskrá um íslenskar votlendisplöntur. Það er ekki mikið um lifandi plöntur í náttúru Íslands um hávetur. En í volgrum, mýrum og vötnum dafna þó ýmsar plöntur eins og hér má sjá og voru til sýnis svo sem síkjamari sem er algeng planta í vötnum, barnamosi sem vex í mýrum og laugasaf sem finnst í volgrum. Hægt var að fræðast um plönturnar og skoða þær nánar með meiri stækkun í víðsjá.

Safnanótt á Vetrarhátíð

Á safnanótt 7. febrúar tóku vísindamenn safnsins og safnkennarar á móti gestum í Perlunni. Aðsókn var gríðarlega mikil og fengu gestir að sula í vatnsborði, skoða vatnabjöllur, uppgötva hvernig vatnsþrýstingur virkar og margt fleira. Í tilefni safnanætur var einnig haldinn viðburður á sýningunni Sjónarhorni í Safna-húsinu og nefndist hann Spekingar spjalla. Þar mætti Hilmar J. Malmquist forstöðumaður safnsins og spáði í tengsl milli listsköpunar, náttúru og vísinda.


Hvernig verða jarðskjálftar til?

Jarðskjálftahrina hófst á Reykjanesi snemma árs 2020 og á spennandi sunnudegi 1. mars var spurt: Veistu hvernig jarðskjálftar verða til? Settur var upp jarðskjálftamælir þar sem fólk gat búið til sinn eigin jarðskjálfta með því að hoppa við hlið mælisins og sjá bylgjurnar birtast á tölvuskjá. Markmiðið var að fræða börn og draga úr hræðslu þeirra við jarðskjálfta og á verkefnablaði var hægt að reikna út staðsetningu jarðskjálfta út frá þremur jarðskjálftamælum sem sýndir voru á korti.

Stund milli stríða í júlí

Í júlí gafst aftur tækifæri til að taka á móti fjölskyldum á spennandi þriðjudögum og kunnu börn og foreldrar vel að meta það. Safnið tók þátt í Degi hinna villtu blóma 5. og 7. júlí, en það er viðburður sem haldinn er á öllum Norðurlöndum í byrjun sumars. Farið var í tvær gönguferðir um Öskjuhlíð og villtar íslenskar plöntur skoðaðar og greindar, en alls fundust tæplega 50 tegundir.

Um miðjan júlí var boðið upp á fræðslu um líf í fersku vatni – gestir fengu að fylgjast með smásæjum lífverum í viðsjá og smásjá og var myndunum varpað á tölvuskjá. Steindir voru greindar aftur 21. júlí og 28. júlí voru sett upp eldfjöll úr pappa og þau látnin gjósa með matarsóða og ediki á kortérs fresti. Einnig fengu gestir að skoða sýni af hraunum, vikri og ösku. Þessi viðburður vakti mikla lukku og fengu krakkarnir með sér uppskrift af eldfjallinu og hvernig á að láta það gjósa.



Safnkennsla



Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á safnkennslu allt árið 2020. Á vorönn var ekki hægt að taka á móti nemendum svo vikum skipti vegna samkomutakmarkana. Í sumarbyrjun var þjónustan aukin á ný bæði með hefðbundnum hætti á sýningunni en einnig með leiðsögn um nánasta umhverfi í Öskjuhlíðinni. Sem fyrr voru heimsóknir skólahópa flestar frá Reykjavík og gekk samstarf við borgina vel en hún bauð uppá rútuferðir skólum að kostnaðarlausu. Viðfangsefni skólahópanna voru margbreytileg: Vatnið sem auðlind, ár og árgerðir, veður og loftslag, myndun og mótun lands, líffræðilegur fjölbreytileiki og þróun lífvera og margbreytileiki votlendis. Utan dyra í Öskjuhlíð var farið yfir forn fjöllumörk og gróður. Sú viðbót var vinsæl og vel sótt en um haustið voru aftur komnar á samkomutakmarkanir og heimsóknir skólahópa lögðust að mestu af.

Heimsóknir

Á vorönn 2020 tóku safnkennarar á móti 1253 nemendum úr grunnskólum landsins, ásamt 59 leikskólabörnum. Einnig komu 60 nemendur frá Háskóla Íslands. Á haustönn komu hins vegar aðeins 375 nemendur enda var Perlan lokað í lengri tíma vegna Covid-19.

Ný verkefni

Ný verkefni urðu til á tímum heimsfaraldursins. Í stað móttöku skólahópa lögðu safnkennarar og safnverðir áherslu á vinnu við námsefni, m.a. undirbúning fyrir sérstakan kennsluvef, *Fróðleiksbrunninn*, sem ætlaður er kennurum og nemendum á yngri stigum grunnskóla. Þá hófst átak í virkni safnsins á samfélagsmiðlum, heimasíðu, Facebook og Instagram.

Útgáfa



Náttúruminjasafnið gefur út á eigin vegum og í samvinnu við aðra prentefni um náttúru og náttúrusögu. Safnið heldur einnig úti vefsetrinu nmsi.is, [Facebook-síðu](#) og [Instagram-reikningi](#).

Náttúrufræðingurinn í níutíu ár

Náttúrufræðingurinn er tímarit Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúruminjasafns Íslands en í febrúar 2014 gerðu félagið og safnið með sér samning um ritstjórn og útgáfu tímaritsins sem hefur frá og með 1. tölublaði 84. árgangs verið gefið út í nafni beggja. Greiðir félagið helmingshlut í kostnaði við útgáfu og dreifingu tímaritsins. Álfheiður Ingadóttir ritstjóri tímaritsins er jafnframt starfsmaður Náttúruminjasafnsins og hefur aðstöðu á skrifstofu þess.



Forsíður Náttúrufræðingsins, níutugasta árgangs, 2020.

Náttúrufræðingurinn átti stórafmæli á árinu þegar níutugasti árgangurinn sá dagsins ljós og var einkar viðeigandi að af því tilefni kom út glæsilegt 140 blaðsíðna sérhefti um Þingvallavatn. Heftið var gefið út til heiðurs dr. Pétri M. Jónassyni, sem varð hundrað ára gamall hinn 18. júní 2020, en hann lést 1. október sama árs. Pétur var heiðursfélagi Hins íslenska náttúrufræðifélags og reyndist félaginu traustur bakhjarl sem og Náttúruminjasafni Íslands sem hann ánaðnaði veglegan hlut af bókasafni sínu.



Pétur M. Jónasson prófessor emerítus varð 100 ára 18. júní 2020. Þessi mynd var tekin 2015 á heimili hans í Kaupmannahöfn. Ljósmynd: Álfheiður Ingadóttir.

Pétur stýrði viðamiklum vistfræðirannsóknnum á Þingvallavatni og fór þar fyrir hópi 59 vísindamanna frá mörgum löndum á árunum 1974 til 1992, þegar aðrir, margir hverjir nemendur og samstarfsmenn Péturs, tóku við keflinu. Þingvallaheftið segir einmitt frá nýjustu rannsóknum á þessu stærsta náttúrulega stöðuvatni Íslands, Vatninu bjarta, eins og Hilmar J. Malmquist nefnir það í leiðara. Þar kennir ýmissa grasa enda eru rannsóknir á Þingvallavatni fjölbreyttar m.a. í atferlisfræði, efnafræði, þróunarfræði, þroskunarfræði, tegundagreiningu, hitaferlum og fæðu seiða. Þar er einnig sagt frá vísindarannsóknum Péturs M. Jónassonar, en sjálfur ritar hann grein í heftið. Styrkir til útgáfunnar fengust frá ýmsum aðilum en þess ber að geta að Pétur var í forsvari fyrir Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn sem veitti myndarlegan styrk, að upphæð tvær milljónir króna, til útgáfunnar.

Auk þemaheftisins komu á árinu út tvö tvöföld hefti af Náttúrufræðingnum, stútfull af áhugaverðu efni og prýdd glæsilegum myndum. 90. árgangur tímaritsins taldi því fimm hefti, samtals 308 blaðsíður.

naturufraedingurinn.is

Í tilefni 90 ára afmælis útgáfunnar var ákveðið að tímaritið eignaðist sitt eigið vefsetur þar sem efni verður birt jafnframt prentútgáfunni. Styrkur fékkst frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til verkefnisins en talsverðan tíma hefur tekið að vinna að mótun vefsins. Stefnt er að því að allt efni tímaritsins verði birt í opnum aðgangi á vefnum vorið 2021.

Aukin virkni á samfélagsmiðlum

Á tímum heimsfaraldursins fjölgaði heimsóknum á heimasíðu Náttúruvinnusafnsins til muna og í mars 2020 var ákveðið að setja af stað átak í virkni safnsins á samfélagsmiðlum. Á þeim tíma var 81 að fylgja Instagram-síðu safnsins en fjölgaði í 500 fyrir árslok. Alls voru 87 færslur um fjölbreytilegt efni birtar á Instagram-síðunni á árinu 2020.

Samfara aukinni virkni á Instagram fóru einnig fleiri færslur inn á Facebook-síðu safnsins ásamt fréttum sem birtar eru á heimasíðu safnsins. Viðburðir voru einnig auglýstir á Facebook síðunni og stuttir fræðslumolar litu dagsins ljós í mars undir merkinu „[Vissir þú?](#)“

Eldfjall mánaðarins á nmsi.is

Þá hóf ný pistlaröð göngu sína á heimasíðu safnsins í apríl 2020 og nefnist sú *Eldfjall mánaðarins*. Alls voru átta pistlar birtir á árinu 2020 undir þessu heiti en þar drógu starfsmenn safnsins saman fróðleik um eldfjöllin Hengil, Grímsvötn, Vestmannaeyjar, Örafajökul, Kröflu, Snæfellsjökul, Heklu og Öskju. Um nokkurra ára skeið hefur nmsi.is birt pistla sem nefnast *Fugl mánaðarins* með ljósmyndum og textum frá Jóhanni Óla Hilmarssyni, og hafa þeir notið mikilla vinsælda.

Styrkur til útgáfu ævisögu Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings



Miðstöð íslenskra bókmennta veitti Náttúruminjasafns Íslands 1,5 milljóna króna styrk til að gefa út stórvirki Sigrúnar Helgadóttur rithöfundar um ævi Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings. Sigrún hafði vinnuáðstöðu hjá Náttúruminjasafninu frá árinu 2014 en þegar safnið flutti á Suðurlandsbrautina kaus Sigrún að flytja vinnuna heim til sín. Þessi myndarlegi styrkur kemur til viðbótar við 4ra milljón króna styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti til Sigrúnar og tryggir að verkið mun koma út í tveimur bindum á árinu 2021.

Sigurður sem var fæddur 1912 og lést 1983 var heimsfrægur vísindamaður og brautryðjandi á mörgum sviðum jarðfræði, jöklafræði og öskulagafræði. Hann var einnig flestum betur að sér í fornleifafræði og sögu landsins. Sigurður var þekktur sem ákaflega skemmtilegt vísaskáld, hagyrðingur og sögumaður, góður ferðafélagi, frábær og hvetjandi kennari og alþýðufræðari en líka hlýr vinur og fjölskyldufaðir. Sigurður var einnig leiftrandi áhugamaður um ýmiss konar þjóðmál, glöggur samfélagsrýnir og hafði mikil áhrif á sviði náttúruverndar og umhverfismála. Hann var góður ljósmyndari og hluti verksins, sem Oddur Sigurðsson jöklafræðingur kemur að, er einmitt flokkun og skráning myndasafns hans, en margar myndanna munu prýða ævisöguna.

Náttúruminjasafnið er útgefandi ritverksins en málefnið er safninu skylt á margan hátt. Auk fræðistarfa Sigurðar Þórarinssonar nægir að nefna að hann var um tíma formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags og forstöðumaður land- og jarðfræðideildar Náttúrugripasafns Íslands (nú Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafn Íslands).

Umsögn um hálendisþjóðgarð



Í febrúar 2020 skilaði Náttúruminjasafn Íslands Alþingi umsögn um frumvarp til laga um hálendisþjóðgarð, mál nr. 290/2019. Í umsögninni segir m.a. að Náttúruminjasafn Íslands styðji heils hugar stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands. Stofnun hálendisþjóðgarðs er skynsamleg ráðstöfun að mati safnsins, nauðsynleg í vistfræðilegu ljósi og getur hæglega orðið fjárhagslega arðbær.

Í umsögninni er lögð áhersla á mikilvægi þess að taka frá landsvæði sem státar af einstakri náttúru á heims-vísu og stýra með samræmdum hætti stöðugt vaxandi umferð og álagi á hálendið þannig að náttúran þar fái að þróast og þrífast sem mest á eigin forsendum án alvarlegra inngrípa af mannavöldum. Þá er lögð áhersla á að efla verði rannsóknir á náttúru hálendisins og tengja við rannsóknir á sviði fornleifa og mannvistfræða.

Rannsóknir



Náttúruminjasafn Íslands sinnir lögum samkvæmt rannsóknum á starfssviði sínu og snerta þær öll meginstarfssvið safnsins og eru óaðskiljanlegur undirstöðuþáttur í starfseminni. Áhersla er lögð á samstarf við aðrar stofnanir og einstaklinga sem fást við rannsóknir á sviði náttúrufræða, mannvistfræða og miðlun.

Rannsóknáherslur Náttúruminjasafnsins eru samkvæmt stefnu safnsins endurskoðaðar á fimm ára fresti og beinast nú einkum að tveimur sviðum. Annars vegar eru rannsóknir sem fjalla um fágæti og sérstöðu Íslands í náttúrufræðilegu tilliti, þ.e. þáttum sem tengjast líf- og jarðfræðilegum fjölbreytileika, loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á Íslandi. Hins vegar rannsóknir á sviði umhverfishugvísinda og menningarsögu þar sem fjallað er um náttúrusýn og sambúð manns og náttúru á Íslandi fyrr á tímum.

Líffræðileg fjölbreytni – uppruni og eðli

Um er að ræða þrjú rannsóknarverkefni sem tengjast innbyrðis og eru í umsjón Skúla Skúlasonar prófessors. Öll verkefnin tengjast rannsóknarverkefninu Hvað er náttúra? sem Skúli og Viðar Hreinsson vinna að.

Fjölmarginir samstarfsaðilar taka þátt í verkefnunum, þeirra á meðal Háskólinn á Hólum, Háskóli Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og Norðurheimskautsráðið (CAFF).

Vistfræði og þróun – fjölbreytni íslenskra ferskvatnsfiska



Náttúruminjasafnið kemur að viðamiklum langtímarannsóknum í vist-, þróunar- og þroskunarfæði (e. eco, evo, devo). Þessar rannsóknir sem hafa staðið yfir um árabil, snúast um tilurð mismunandi afbrigða af bleikju og hornsílum í íslenskum vötnum og víðar í vötnum á norðlægum slóðum. Skúli Skúlason stýrir verkefnunum af hálfu safnsins.

Meistara- og doktorsnemar við Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og erlenda háskóla hafa annast margar rannsóknanna og hafa verkefnin notið styrkja frá alþjóðlegum rannsóknarsjóðum og víðar að. Verkefnið ECO-EVO-DEVO dynamics of biodiversity: Mývatn threespine stickleback as a model hlaut öndvegisstyrk Rannís á árinu 2019. Sjá nánar á: <https://www.holaraquatic.is/eco-evo-devo.html>

Eðli og verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni

Safnið kemur að rannsóknum á verðmætamati á breytileika og fjölbreytni náttúrunnar og tengslum líffræðilegrar fjölbreytni við umhverfið. Fengist er við heimspeki- og líffræðilegar kenningar og tengsl þeirra við stefnur og strauma í náttúruvernd og stefnumótun um málefni náttúrunnar.

Skúli Skúlason stýrir verkefnunum af hálfu safnsins, en við það starfa meðal annars Meri Katariina Hynninen, meistaranemi við Háskólann á Hólum, Mikael Karlsson, prófessor emerítus við Háskóla Íslands og Steven Cronshaw prófessor emerítus við University of Northern British Columbia í Kanada.



Líffræðileg fjölbreytni náttúru á Íslandi – fræðsluefni og stafræn gagnagátt

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að byggja upp þekkingargrunn um líffræðilega fjölbreytni til miðlunar í formi almenningsfræðslu, gerð námsefnis fyrir öll skólastig og leiðbeininga um stefnumótun, meðal annars fyrir opinbera aðila. Jafnframt að setja á fót stafræna og gagnvirka gátt með lagskiptu aðgengi fyrir almenning og fræðasamfélagið þar sem veittar eru upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í lofti, láði og legi á Íslandi. Þá nýtist gagnagrunnurinn vel til sýningarhalds um fjölbreytileika lífs.

Líffræðileg fjölbreytni er forsenda fyrir starfsemi og þróun vistkerfa sem maðurinn er órofa hluti af. Hún er því ein meginforsenda verðmætamats og ákvarðanatöku fyrir nýtingu og verndun náttúrunnar, ekki síst nú á tímum mikillar umhverfisröskunar af mannavöldum.

Rannsóknin felur í sér samantekt og úrvinnslu fyrirbyggjandi birtra gagna sem lúta að líffræðilegri fjölbreytni meðal helstu lífveruhópa í landinu. Til að byrja með er áhersla lögð á hryggdýr, einkum fiska, fugla og spendýr.


Náttúrusýn, náttúrusaga

Staða Jóns Guðmundssonar lærða (1574–1658) í norrænni vísindasögu



Nákvæmar teikningar Jóns lærða af sjávarspendýrum hafa vakið mikla athygli. Hér má sjá teikningu hans af náhval og aðra af sandlægju, hvalategund sem dó út í Atlantshafi á seinni hluta 17. aldar.

Bókin *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar* eftir Viðar Hreinsson kom út 2016 á vegum Lesstofunnar og Náttúruminjasafns Íslands. Jón lærði var einn fyrsti náttúrufræðingur landsins og rit hans „Ein stutt undirréttning um Íslands aðskiljanlegar náttúrur“ er fyrsta ritið sem varðveist hefur á íslensku um náttúrufar á Íslandi. Viðar Hreinsson stýrir verkefni um viðtökur, sýnileika og ósýnileika verka (texta og teikninga) Jóns lærða í norrænni vísindasögu. Verkefnið hófst árið 2019 og var í upphafi stutt af Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Verkefnið hefur þókast hægar en skyldi vegna Covid-19 en stefnt er að rannsóknardvöl í Kaupmannahöfn haustið 2021. Verklók fyrsta áfanga verkefnisins, ritrýnd grein í alþjóðlegu tímariti, eru áætluð 2023. Framhaldsverkefnið felst í rannsóknum á Íslandskorti sem allt bendir til að Jón hafi teiknað, en tveir illa farnir hlutar þess af þrem eru geymdir í handritadeildum konunglegu bókasafnanna í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi.



Hér má sjá rithönd Jóns lærða (með nútíma-stafsetningu): „Um nokkrar grasanáttúrur, Probate [prófaðar] velflestar og þeirra hluta sem hér í landi mega fremst til lækninga og linunar manna meina, saman skrifat af Jóni G[uðmunds]“

Hvað er náttúra?

Undirbúningur að fyrirlestraröðinni Hvað er náttúra? hófst haustið 2020 en henni verður hrint af stað síðla vetrar 2022. Markmiðið er að taka til gagnrýnninnar umfjöllunar djúpstæðar spurningar um þekkingu manna á náttúrunni. Umsjónarmenn eru Viðar Hreinsson, Skúli Skúlason og Snæbjörn Guðmundsson.

Náttúrur og fornar frásagnir



Í íslenskum fræðum. Ljósmynd: Jóhanna Ólafsdóttir.

Þetta verkefni er kjölfesta í starfi umsjónarmanns, Viðars Hreinssonar, bókmenntafræðings, við að byggja upp umhverfishugvísindi innan Náttúruminjasafnsins. Verkefnið dregur fram fjölbreyttar birtingarmyndir náttúru og náttúruskilnings í íslenskum sagnabókmenntum frá landnámi til siðaskipta og er það styrkt af verkefninu *Ritmennning íslenskra miðalda* (RÍM: <https://snorrastofa.is/snorrastofa/rannsoknir-og-fraedi/rim-verkefni/>) sem stýrt er af Snorrastofu í Reykholti.

Í verkefninu er beitt fræðilegri nýsköpun umhverfishugvísinda á íslenskar miðaldabókmenntir frá landnámi til siðaskipta. Kannað er hvernig náttúruskyn, umhverfisskilningur, landfræði og staðfræði breytast með breyttum samfélagslegum og menningarlegum forsendum allt frá goðsögnum Eddukvæða og frásögnum Íslendingabókar og Landnámu, um þróaða sagnalist á 13. og 14. öld til lífrænnar handritamenningar á 15. og 16. öld. Ljósi er varpað á ólíkar birtingarmyndir umhverfis og náttúru í fjölbreyttu úrvali fornra sagna og kvæða. Grunnhugmynd í verkinu er lífrænt hreyfiafl bókmenningar og menningarleg fjölbreytni sem kallast á við líffræðilega fjölbreytni. Eitt meginmarkmið er að endurspeglar náttúruskyn sem er gerólik nútímanum. Jon Wright, doktorsnemi í norrænni textafræði og BA-nemi í íslensku fyrir erlenda stúdenta, starfaði við gagnaöflun vegna verkefnisins sumarið 2020 og tók saman afbragðsgóðan gagnabanka yfir ritunarstaði til handrita sem notaður verður til að kanna nánar tengsl þessara staða við landfræði og staðhætti. Stefnt er að útgáfu bókar í árslok 2022 eða fyrri hluta árs 2023.

Til lengri tíma er stefnt er að útgáfu tveggja bóka um náttúruskyn í íslenskri bókmenningu og síðara bindið mun fjalla um þetta efni á tímabilinu frá siðaskiptum til upphafs tuttugustu aldar og rannsókna vegna þess eru þegar hafnar með þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Þessar tvær bækur mynda upphaf að ritröð sem nefnist *Íslands náttúrur*. Í þriðja bindi verður fjallað um fyrstu aldir vísindalegra náttúrufræða, frá Jóni lærða til Þorvalds Thoroddsen, eða frá siðaskiptum til upphafs 20. aldar.

Svartárkot, menning – náttúra

Unnið var að frekari þróun verkefnisins Svartárkot, menning – náttúra sem Viðar Hreinsson hrinti af stað á vegum ReykjavíkurAkademíunnar í samstarfi við ábúendur í Svartárkoti í Bárðardal. Verkefnið hefur staðið af framsæknum rannsóknum og alþjóðlegum námskeiðum um sambúð manns og náttúru í samstarfi við heimamenn í Bárðardal og Mývatnssveit. Covid-19 kom þó í veg fyrir námskeiðahald árið 2020 en sumarið 2021 er stefnt að námskeiði í samstarfi við Háskólann á Hólum.

Lífríki íslenskra vatna: Samræmdur gagnagrunnur



Staðsetning 84 stöðuvatna sem rannsökuð eru með hliðsjón af fjórum helstu gerðum berggrunns á landinu.

Gyllt: Basísk og ísúr hraun frá nútíma (< tíu þúsund ára).

Dökkbrúnt: Basísk og ísúr hraunlög (grágrýti) og móberg frá síðari hluta ísaldar (0,01–0,8 milljón ára).

Ljósbrúnt: Basískt og ísúrt gosberg og setlög frá síðplíösen og fyrri hluta ísaldar (0,8–3,3 milljón ára).

Grænt: Basískt og ísúrt gosberg frá síðertier (> 3,3 milljón ára).

Markmið *Vatnaverkefnisins* sem hófst 1992 er að byggja upp opinberan, heildstæðan gagnagrunn með samræmdum upplýsingum um vistfræði allra helstu gerða stöðuvatna á Íslandi. Gagnasafnið nýtist almenningi, fræðimönnum, einstaklingum, stofnunum og stjórnvöldum á sviði náttúruvísinda, kennslu og umhverfismála. Í því eru nú samræmdar, vistfræðilegar upplýsingar um rúmlega 80 stöðuvötn um allt land.

Formlegri söfnun gagna í vettvangsferðum gagnert fyrir verkefnið er lokið. Frumúrvinnslu sýna er einnig að mestu lokið en töluverð vinna er eftir við fíngreiningu. Gagnasafnið stækkar eftir því sem í það bætast niðurstöður rannsókna sem gerðar eru með sambærilegum hætti í fleiri stöðuvötnum.

Fleiri tugir vísindagreina hafa verið birtar sem byggjast á verkefninu og mörg meistara- og doktorsverkefni hafa byggst á gagnasafni verkefnisins, bæði við Háskóla Íslands og erlenda háskóla. Rannís hefur veitt styrki til verkefnisins á ýmsum stigum þess.

Á vegum CAFF-skrifstofunnar á Akureyri (Conservation of Arctic Flora and Fauna, Verndun lífríkis á norð-urslóð) er unnið að því að veita almenningi opið aðgengi að margvíslegum gögnum úr Yfirlitskönnuninni í sérstakri gagnagátt sem tekur til líffræðilegs fjölbreytileika umhverfis allt norðurhvel (Arctic Biodiversity Data Service; abds.is). Áætlað er að gagnagáttin verði tilbúin fyrri hluta árs 2022.

Samstarfsaðilar eru Náttúrufræðistofa Kópavogs, Háskólinn á Hólum, Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnun. Tengiliðir við verkefnið á árinu 2020 voru Þóra Katrín Hrafnadóttir, Skúli Skúlason og Hilmar J. Malmquist.

Rannsóknir á skötuormum



Náttúruminjasafnið tekur þátt í rannsóknum á skötuormi (*Lepidurus arcticus*) þar sem aflað er upplýsinga um lífshætti hans og útbreiðslu. Skötuormurinn á nú undir högg að sækja vegna loftslagshlýnunar.

Skötuormur er krabbadýr og stærsti hryggleysingi í ferskvatni á Íslandi. Hann hefur allsérstakt útlit og er stundum nefndur lifandi steingervingur. Dýrið verður allt að 5 sm langt með halaþráðum. Skötuormurinn lifir í vötnum og tjörnum um allt land, en er þó aðallega á heiðum uppi og til fjalla.

Á árinu 2020 var unnið að samantekt á gögnum um útbreiðslu skötuorma í landinu og í því skyni m.a. óskað eftir upplýsingum frá almenningi á Facebook um tilvist dýranna. Undirtektir voru mjög góðar og bárust tilkynningar um liðlega 100 fundarstaði. Unnið er að grein til birtingar í Náttúrufræðinginn um útreiðslu skötuorma á árinu 2021.

Umsjón með verkefninu hafa Hilmar J. Malmquist og Þorgerður Þorleifsdóttur f.h. Náttúruminjasafnsins. Samstarfsaðili er Rorum ehf.

Elsti trébátur á Íslandi



Báturinn fannst í mójarðvegi á 4–5 metra dýpi 8. október 2018. Viðurinn í bátnum, sem er skógarfura, hefur varðveist ótrúlega vel og á myndunum má sjá járnsaum og hringlaga skinnur.

Haustið 2018 fundust í norðanverðu Þingvallavatni bátsleifar úr tré sem reyndust við aldursgreiningu vera um 500 ára gamlar: elsti trébátur Íslands, súðbyrtur og úr skógarfuru (*Pinus silvestris*). Í námunda við bátsleifarnar var allóvenjulegt safn stórgripabeina, mest úr hestum, álíka gamalt og báturinn.

Flakið kom óvænt í leitirnar þegar kafari á vegum Náttúruminjasafnsins var að kvikmynda lífríki Þingvallavatns fyrir sýningu safnsins í Perlunni, Vatnið í náttúru Íslands.

Fornar bátsleifar eru mjög fágætur fundur, ekki aðeins hér á landi heldur víðar, og því er fundurinn afar merkur og bátsleifarnar kjörinn efniviður til frekari rannsókna. Náttúruminjasafnið og Fornleifafræðistofan ehf. undirbúa frekari rannsóknir á bátsleifunum með nákvæmum mælingum og myndatökum á bátslaginu og smíðinni í heild. Markmiðið er að varpa skýrara ljósi á handverks- og menningarsögu á Íslandi og í víðara samhengi. Til að fjármagna verkefnið hefur verið sótt um styrki í fornminjasjóð og til Þingvallanefndar en án árangurs. Áfram verður leitað til síðastnefndu aðila eftir stuðningi við verkefnið svo ljúka megi við rannsóknina sem fyrst.

Umsjón með verkefninu hefur Fornleifafræðistofan ehf. í samvinnu við Náttúruminjasafnið og Erlend Bogason kafara.

Þátttaka í Sarpi

Í nóvember 2020 gerðist Náttúruminjasafnið formlega aðili að Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni sem varðveittir upplýsingar um safneign 56 safna vítt og breitt um landið. Í Sarpi má leita að ljósmyndum og upplýsingum um listaverk, hvers kyns muni, þ.m.t. náttúrumuni, myndir, fornleifar og hús en einnig þjóðhætti og örnefnalýsingar. Undanfarin ár hafa þau söfn og stofnanir, sem eru aðilar að Sarpi, skráð rúmlega eina milljón færslna í gagnasafnið sem varðveitt er á svonefndum innri vef. Meirihluti þeirra er nú aðgengilegur á ytri vef Sarps <https://sarpur.is>



Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands telur milli 30 og 35 þúsund náttúrugrípi sem verða skráðir í Sarp, en auk þess er safnkostur að hluta sameiginlegur með Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. lög nr. 35/2007.

Mannauður





Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður, PhD vistfræðingur

Hilmar var skipaður forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands í september 2013 og aftur í september 2018 til fimm ára.

hilmar.j.malmquist@nmsi.is



Anna Katrín Guðmundsdóttir
Verkefna- og viðburðastjóri, MPM verkefnastjóri

Hóf störf í janúar 2019. Anna Katrín er verkefna- og viðburðastjóri á sviði sýningarhalds og hefur umsjón með mannauðs-, markaðs- og kynningarmálum.

anna.k.gudmundsdottir@nmsi.is



Álfheiður Ingadóttir
ritstjóri, BS líffræðingur

Hóf störf haustið 2014. Álfheiður er ritstjóri Náttúrufræðingsins og annast ritstjórn og faglega umsjón með efni sem tengist sýningum og miðlun á vegum safnsins.

alfheidur.ingadottir@nmsi.is



Benný Brynjarsdóttir

Hóf störf árið 2007.
Annast ræstingar og þríf.



Eva G. Þorvaldsdóttir
*safnvörður, BS líffræðingur;
Cand.agro. garðyrkjakandidat*

Hóf störf 2019. Eva hefur umsjón með lifandi gróðri á sýningu safnsins í Perlunni.

eva.thorvaldsdottir@nmsi.is



Kristín Harðardóttir
*safnkennari,
Cand.scient. líffræðingur*

Hóf störf í janúar 2019. Kristín hefur umsjón með fræðslu á sviði líffræði í sýningarhaldi safnsins.

kristin.hardardottir@nmsi.is



Sigurveig Gunnarsdóttir
*safnvörður,
MS jarðfræðingur*

Hóf störf 2019. Auk safnvörslu annast Sigurveig Instagram-reikning safnsins.

sigurveig.gunnarsdottir@nmsi.is



Skúli Skúlason
*sérfræðingur, PhD líffræðingur,
prófessor*

Hóf störf í janúar 2019. Helstu verkefni Skúla lúta að líffræðilegum fjölbreytileika og siðferðilegum álitamálum í samskiptum manns og náttúru. Skúli gegnir hálfri stöðu hjá Náttúruminjasafninu og hálfri stöðu hjá Háskólanum á Hólum.

skuli.skulason@nmsi.is



Viðar Hreinsson
*sérfræðingur, Mag.art bókmenntafræðingur;
BA íslenskufræðingur*

Hóf störf í janúar 2019. Viðar sinnir rannsóknum í umhverfshugvísindum og menningarsögu náttúruvísinda.

vidar.hreinsson@nmsi.is



Þóra Björg Andrésdóttir
safnkennari,
MS jarðfræðingur

Hóf störf janúar 2019. Þóra Björg hefur umsjón með fræðslu á sviði jarðfræði í sýningarhaldi safnsins.

thora.b.andresdottir@nmsi.is



Þóra K. Hrafnisdóttir
deildarstjóri,
MS líffræðingur

Hóf störf í ágúst 2018. Þóra hefur umsjón með skráningu á safnkosti Náttúruminjasafnsins og annast auk þess miðlun og rannsóknir á sviði líffræðilegs fjölbreytileika, með áherslu á skordýr og vatnalífverur.

thora.k.hrafnisdottir@nmsi.is



Þorgerður Þorleifsdóttir
sérfræðingur og safnvörður,
BS líffræðingur

Hóf störf í janúar 2019. Þorgerður hefur umsjón með votrými og vatnalífverum á sýningu safnsins í Perlunni.

thorgerdur.thorleifsdottir@nmsi.is

Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur hóf störf tímabundið á miðju ári en var fastráðinn 1. janúar 2021.

Í árslok 2020 störfuðu 12 manns hjá Náttúruminjasafninu, þar af átta í hlutastörfum. Að teknu tilliti til vinnu sumarstarfsmanna (1,5 ársverk) voru ársverk við safnið alls tíu.

Sumarstarfsmenn

Í kjölfar Covid-19 gekkst Vinnumálastofnun fyrir átaksverkefni um sumarstörf fyrir námsmenn á háskólastigi. Sjö námsmenn voru ráðnir til Náttúruminjasafnsins og sinntu þeir fjölbreyttum verkefnum í tvo mánuði. Verkefnið tengdust vinnu við rannsóknir, skráningu muna og grafíska hönnun og fóru fram úti um land, meðal annars á Breiðdalsvík. Vinnan við þessi verkefni gekk fádæma vel og samstarfið við námsmennina og Vinnumálastofnun var ánægjulegt.


Flokkun og skráning steinasafns á Breiðdalsvík



Náttúruminjasafninu bauðst að taka við og eignast eitt merkasta og stærsta steinasafn landsins sem varðveitt er á Breiðdalsvík og í Höskuldsstaðaseli í Breiðdal. Tveir jarðfræðingar, Irma Gná Jóngeirsdóttir og Madison Lin MacKenzie, unnu að fullnaðarskráningu og myndatöku á safnkostinum sumarið 2020. Skráðu þær um 4000 færslur og pökkuðu safnkostinum á viðunandi hátt og voru afköst þeirra og útsjónarsemi til fyrirmyndar. Meðal þeirra steinda sem þær skráðu í miklum fjölda eru jaspis, ópall, kalsedón, agat, onyx, bergkristall, sitrín, ametýst, kalsít, silfurberg, aragonít, flúorít, barrýt, skólesít, mesolít, mordenít, stílbít, heulandít, thomsonít, apófyllit, ilvaít og pýrít. Umsjón með vinnunni fyrir hönd safnsins hafði Þóra Björg Andrédóttir, jarðfræðingur.

Stafræn vísindamiðlun til almennings

Elsa Rakel Ólafsdóttir, mastersnemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands, starfaði sem grafískur hönnuður fyrir Náttúruminjasafnið í sumar. Starfssvið hennar var víðfeðmt en fólst einkum í aðstoð við korta- og myndvinnslu í tengslum við væntanlega ævisögu Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings sem Sigrún Helgadóttir ritar. Sigurður Þórarinsson var einn fremsti jarðfræðingur Íslendinga, þekktur á alþjóðavettvangi og var fátt í íslenskri náttúru honum óviðkomandi. Sérsvið hans var þó eldfjallafræði og lagði hann í raun grunninn að gjóskulagafræði, þar sem gjóskulög eldstöðva eins og Heklu eru notuð til að aldursgreina bæði fornminjar sem og jarðfræðilega atburði í jarðsögunni. Mörg korta Sigurðar sýna þessi fræði í einkar greinargóðu ljósi og eitt af verkefnum Elsu Rakelar var einmitt að hreinvinna þau fyrir ævisögu hans, en starfsmenn safnsins nutu jafnframt góðs af þekkingu hennar á sviði markaðsmála og nýtingu samfélagsmiðla.



Líffræðileg fjölbreytni á Íslandi



Styrkár Þóroddsson líffræðingur vann við verkefni um eðli líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi þar sem sérstök áhersla er lögð á fjölbreytileika innan tegundar. Vinna Styrkars snérist um að fara kerfisbundið yfir útgefið efni um rannsóknir á hryggdýrum, með sérstakri áherslu á vaðfugla, heimskautaref, hagamýs og háhyrninga. Hann tók saman upplýsingar um breytileika í svipgerð (útliti, atferli og lífssögu) og stofngerð; sem og þá vistfræðilegu þætti sem tengjast þróun og viðhaldi breytileikans. Verkefnið er hluti af stærra verkefni Náttúruinjasafnsins um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi sem stýrt er af dr. Skúla Skúlasyni. Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúruinjasafnsins og m.a. Háskólans á Hólum, Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Krumminn á skjánum



Krummanum á skjánum er ætlað að verða fjölfræðileg fróðleiksnáma fyrir skólastarf á öllum stigum. Verkefni sumarsins hjá þeim Rebeccu Thompson líffræðinema og Katrínu Vinter Reynisdóttur nema í ritlist fólst í því að skiptast á hugmyndum og byrja að safna sem fjölbreyttum fróðleik um hrafinn sem smátt og smátt birtist á vef safnsins.

Sumarið 2020 voru ráðnir tveir námsmenn í fyrstu skref verkefnisins Krumminn á skjánum. Verkefnið felst í því að stefna saman náttúrufræðilegri og menningarlegri þekkingu á hrafninum í skapandi samræðu til að leggja grunn að nýrri og fjölbættri hugmynd sem gæti opnað fróðleiksnámu fyrir hvers konar vísindalega og skapandi vinnu með hrafinn sem marghliða lífveru: rannsóknarverkefni, sýningar og fjölbætta margmiðlun. Verkefnið hófst með efnisleit í margvíslegum menningarlegum heimildum (fornbókmenntum, goðafræði, kveðskap, þjóðsögum og skáldskap síðari alda) og líffræðilegum vísindagreinum, íslenskum og alþjóðlegum, t.d. um líffræðileg sérkenni, vitsmuni, atferli, stöðu í vistkerfum og þar fram eftir götunum. Verkefninu verður haldið áfram sumarið 2021.

Hilmar J. Malmquist 2020. Vatnið bjarta Þingvallavatn. Undraheimur í mótun. Náttúrufræðingurinn (1) 90: 3–4.

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason, Stefán Már Stefánsson og Þóra Hrafnisdóttir 2020. Hlýnun Þingvallavatns og hitaferla í vatninu. Náttúrufræðingurinn (1) 90: 80–99.

Gísli Már Gíslason, Hilmar J. Malmquist & Sigurður S. Snorrason 2020. Vatnavistfræðingurinn og frumkvöðullinn Pétur M. Jónsson 2020. Náttúrufræðingurinn (1) 90: 36–47.

Snæbjörn Pálsson, Xénia Keighley, Meritxell Fernán-Coll, Peter Jordan, Bjarni F. Einarsson, Ævar Petersen, Morten Tange Olsen & Hilmar J. Malmquist. The extinct population of walruses in Iceland. Veggspjald kynnt á samnorrænu vistfræðiráðstefnunni OIKOS, Reykjavík, 3.–5. mars 2020.

Skúli Skúlason og Sigurður S. Snorrason 2020. Fjölbreytni og þróun bleikjunnar í Þingvallavatni. Náttúrufræðingurinn 90 (1): 126–138.

Skúli Skúlason 2020. Er syndin náttúruleg? Um mikilvægi heimsmynda og uppsprettu gilda. Ritið 20 (3): 141–178. Sjá: <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/119>. DOI: [10.33112/ritid.20.3.7](https://doi.org/10.33112/ritid.20.3.7)

Beck, S. V., K. Räsänen, C. A. Leblanc, Skúli Skúlason, Z.O., Jónsson and B.K. Kristjánsson 2020. Differences among families in craniofacial shape at early life-stages of Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). BMC Developmental Biology 20. DOI: [10.1186/s12861-020-00226-0](https://doi.org/10.1186/s12861-020-00226-0). Sjá: <https://bmcdevbiol.biomedcentral.com/articles/10.1186/s12861-020-00226-0>

Magalhaes, I. S., J. R. Whiting, D. D'Agostino, P. A. Hohenlohe, M. Mahmud, M. A. Bell, Skúli Skúlason and A.D.C. MacColl 2020. Intercontinental genomic parallelism in multiple three-spined stickleback adaptive radiations. Nature Ecology and Evolution. <https://doi.org/10.1038/s41559-020-01341-8>. Sjá <https://www.nature.com/articles/s41559-020-01341-8>

Paccard, A, D. Hanson, Y.E. Stuart, F.A. von Hippel, M. Kalbe, T. Klepaker, Skúli Skúlason, B. K. Kristjánsson, D.I. Bolnick, A.P. Hendry and R.D.H. Barrett 2020. Repeatability of adaptive radiation 3 depends on spatial scale: regional versus global replicates of stickleback in lake versus stream habitats. Journal of Heredity 111: 43–56, doi:10.1093/jhered/esz056. Sjá: <https://academic.oup.com/jhered/article/111/1/43/5613633?login=true>

Pilakouta, N., S. S. Killen, B. K. Kristjánsson, Skúli Skúlason, J. Lindström, N. B. Metcalfe and K. J. Parsons 2020. Multigenerational exposure to elevated temperatures leads to a reduction in standard metabolic rate in the wild. Functional Ecology 34: 1205–1214, doi.org/10.1111/1365-2435.13538. Sjá: <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/1365-2435.13538>

Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason 2020. Iðnvæðing háskóla – Hvernig markaðs- og nýfrjálshyggja mótast starfsemi háskóla á 21. öld. Skírnir 194: 177–196.

Viðar Hreinsson 2020. Ritdómur um: Lífgrös og leyndir dómur. Lækningar, töfrar og trú í sögulegu ljósi. By Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir. Vaka-Helgafell. Reykjavík 2019. Saga LVIII:2, 2020.

Andrew Dugmore (aðalhöfundur), Rowan Jackson, David Cooper, Anthony Newton, Árni Daníel Júlíusson, Richard Streeter, Viðar Hreinsson, Stefani Crabtree, George Hambrecht, Megan Hicks og Tom McGovern 2020. „Continuity in the Face of a Slowly Unfolding Catastrophe: the Persistence of Icelandic Settlement Despite Large-Scale Soil Erosion“ í F. Riede and P. Sheets (ritstjórar): Catastrophes in Context: Archaeological Perspectives on Socio-ecological Crisis, Response, and Collapse. Berghahn Books: New York, Oxford 2020: 162–199.

Hilmar J. Malmquist 2020. Náttúruminjasafn Íslands – fyrsta sýning safnsins og framtíðin. Erindi (21 slæða) flutt í áfanganum Faglegt starf safna. Félagsvísindasvið Háskóla Íslands – Félags- og mannvísindadeild 20. febrúar.

Hilmar J. Malmquist 2020. Lifað með veirum: Náttúra kórónuveira – veirur í sýningahaldi. Erindi flutt á vöfundri höfuðsafna 17. september.

Hilmar J. Malmquist 2020. Náttúrufræðisöfn og loftslagsbreytingar. Erindi flutt á málþingi Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands á Fræðamóti 25. nóvember.

Hilmar J. Malmquist 2020. Biodiversity – meaning and importance. Vision of Icelandic Museum of Natural History. Erindi flutt á Zoomfundu á vegum Háskólans á Hólum 11. desember.

Skúli Skúlason og Hilmar J. Malmquist. Vatnalífræði og Náttúruvernd. Vatnalífræðirannsóknir á Íslandi. Erindi flutt á málþingi til heiðurs Gísla Má Gíslasyni í Háskóla Íslands 28. febrúar. Sjá: https://www.hi.is/vidburdir/malthing_til_heidurs_gisla_ma_gisla-syni_vatnaliffraedi_og_natturuvernd

Skúli Skúlason 2020. The Century of the Gene. An invited lecture in the Friday Lecture series at the Department of Aquaculture and Fish Biology, Háskólanum að Hólum 30. október.

Skúli Skúlason, Bjarni K. Kristjánsson, Camille Leblanc and Sigurður S. Snorrason. The importance of integrating ecological, evolutionary and developmental biology for our understanding of biological diversity and its conservation. Fyrirlestur fluttur á 4. ráðstefnu Oikos í Reykjavík 2.–5. mars 2020. Sjá: <https://www.eventure-online.com/eventure/login.form?U877898d5-0a10-4cf7-bfde-11dcd43c2291#>

Camille Leblanc, Skúli Skúlason, Katja Räsänen, Árni Einarsson, Michel Morrisey, Moira Ferguson and Bjarni K. Kristjánsson. Living in the lava: Ecology and evolution of Arctic charr in caves. Fyrirlestur á 4. ráðstefnu Oikos í Reykjavík 2.–5. mars 2020. Sjá: <https://www.eventure-online.com/eventure/login.form?U877898d5-0a10-4cf7-bfde-11dcd43c2291#>

Katja Räsänen, Joseph Phillips, Kasha Strickland, Anthony R Ives, Blake Matthes, Zophonías O. Jónsson, Árni Einarsson, Antoine Millet, Coralie Delarue, Alessandra Schnider, Skúli Skúlason and Bjarni K. Kristjánsson. Eco-evolutionary dynamics in the wild: eco-evo-devo of Mývatn threespine stickleback. Fyrirlestur fluttur á 4. ráðstefnu Oikos í Reykjavík 2.–5. mars 2020. Sjá: <https://www.eventure-online.com/eventure/login.form?U877898d5-0a10-4cf7-bfde-11dcd43c2291#>

Fjármál



Ársreikningur fyrir árið 2020 er birtur samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál og ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs, auk þess sem stuðst er við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Meginbreytingin frá fyrri árum felst í meðferð varanlegra rekstrarfjármuna, þar sem eignir eru færðar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum í samræmi við endingartíma, í stað þess að gjaldfærast við kaup.


Ársvelta Náttúruminjasafnsins árið 2020 nam 250,2 m.kr. og rekstrargjöld námu 173,5 m. kr. (1. tafla, 1. mynd). Afkoma á árinu 2020 var jákvæð um 76 m.kr. Meginskýringin liggur í síðbúnu fjárfestingarframlagi í tengslum við undirbúningsvinnu fyrir sýningahald í nýjum höfuðstöðvum Náttúruminjasafnsins á Seltjarnarnesi, sem ekki tókst að nýta til fulls, en framlagið, 100 m.kr., var heimilað og veitt 15.12.2020. Launaliður hækkaði um 31% sem skýrist einkum af fjölgun starfsmanna í tengslum við undirbúning að flutningi á Seltjarnarnes. Húsaleiga hækkaði einnig töluvert vegna flutnings í nýtt skrifstofu- og geymsluhúsnæði í apríl. Sértekjur lækkuðu milli ára sem skýrist aðallega af tekjufalli vegna áhrifa Covid-19 á afkomu Perlu norðursins ehf. og þar með á umsamdar greiðslur félagsins til Náttúruminjasafnsins.

1. tafla. Rekstraryfirlit Náttúruminjasafns Íslands árin 2020 og 2019 (m.kr.).

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld	106,0	80,7
Annar rekstrarkostnaður	67,5	52,6
Ferðir og fundir	0,9	2,4
Rekstrarvörur	2,0	2,5
Aðkeypt sérfræðipjónusta	23,8	20,4
Húsnæði	10,6	7,4
Auglýsingar o.fl.	1,3	2,7
Prentun o.fl.	3,0	2,8
Sími, hýsing o.fl.	1,5	1,6
Annað	3,9	2,9
Afskriftir	20,5	9,9
Rekstrargjöld alls	173,5	133,3
Ársvelta	-250,2	-171,4
Tekjufærsla fjárveitinga	-108,8	-82,8
Framlög úr ríkissjóði, A-hluti	-105,1	-60,0
Framlag til afskrifta	-20,5	-9,9
Sértekjur	-15,8	-18,7

Rekstrargjöld ársins voru 173,5 m.kr. og jukust um 30% á milli ára sem má rekja aðallega til aukinna umsvifa í tengslum við nýja Náttúruhúsið í Nesi. Launaliðurinn svaraði til 61% af útgjöldum en annar rekstrarkostnaður til tæpra 40%. Rekstur sýningarinnar í Perlunni nam um 30% af rekstrargjöldum í heild. Til eignakaupa var varið 8,3 m.kr. þar af um 60% vegna kaupa á húsbúnaði og tækjum vegna flutninga í nýtt skrifstofu- og geymsluhúsnæði og 40% vegna endurnýjunar á tækjabúnaði fyrir sýninguna í Perlunni.

Laun og launatengd gjöld	61%
Ferðir og fundir	0,5%
Rekstrarvörur	1%
Aðkeypt sérfræðipjónusta	14%
Húsnæði	6%
Auglýsingar o.fl.	1%
Prentun o.fl.	2%
Sími, hýsing o.fl.	1%
Annað	1,5%
Afskriftir	12%



1. mynd. Kökurit sem sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda á árinu 2020.

Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins, eitt þriggja höfuðsafna landsins og starfar samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og safnalögum nr. 141/2011.

Meginhlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að miðla þekkingu og fróðleik um náttúru Íslands, náttúru-sögu, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og tengsl náttúru landsins við umheiminn. Í því skyni stundar safnið rannsóknir á sínu sviði og gengst fyrir sýningarhaldi, útgáfu og viðburðum, og stuðlar þannig að auknu aðgengi almennings að náttúruarfinum, varðveislu hans og sjálfbærri umgengni við hann. Náttúruminjasafnið hefur það jafnframt að leiðarljósi með starfsemi sinni að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru og vísinda.

Náttúruminjasafnið skal vera opið almenningi og starfa í þágu almennings. Safnið skal vera framsækíð, áhugavert og faglega leiðandi höfuðsafn á sviði náttúrufræða og ein af grunnstöðum samfélagsins í menntun og upplýsingagjöf um umhverfi og náttúru. Starfsemi Náttúruminjasafnsins skal miða við þarfir sem flestra, óháð aldri, kyni, félagslegri stöðu eða uppruna. Það skal vera vettvangur lifandi og gagnrýnnar umræðu um náttúru og umhverfismál og beita sér fyrir kynningu á því nýjasta og markverðasta sem efst er á baugi hverju sinni í þeim efnum.



Náttúruminjasafn
Íslands
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík
Sími: 577 1800
Netfang: nmsi@nmsi.is

Vefur NMSÍ

Aftur á forsiðu

Facebook

Instagram